Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

10. tölublað Þriðjudagur 7. mars 1978 7. árgangur Verð kr. 80.-

Ert þú áskrifandi að vikublaði verkafólks?

8. mars - alþjóðlegur baráttudagur verkakvenna

8. mars var gerður að alþjóðlegum baráttudegi á ráðstefnu sem haldin var af róttækum konum í Kaupmannahöfn árið 1910. Frumkvæðið að því átti hin fræga baráttukona og kommúnisti Klara Zetkin.

Hann var valinn vegna þess að 1848 fóru verkakonur í fyrsta sinn í verkfall.
Til dæmis fóru rússneskar verkakonur í verkfall í Pétursborg 8. marz 1917 og hafði það mikil áhrif á gang mála þar.

Baráttudagurinn 8. marz á sér þannig langa og viðburðaríka sögu.
Nú á síðustu árum hefur svo nýtt líf færst í þessa baráttuhefð fyrir frumkvæði Rauðsokka og annarra róttækra kvennahreyfinga.
Hér á landi hefur lítið farið fyrir 8. marz sem baráttudegi, þó hafa M.F.Í.K. og kvenfélag sósíalista haft fundi á eða kringum 8. marz um langa hríð. KSML tók daginn upp 1975 og í fyrra hélt Kommúnistaflokkur Íslands daginn hátíðlegan og Rauðsokkur tóku daginn upp sem baráttudag. Aðrir hafa hins vegar haft hægt um sig á 8. marz.
Eru verkakonur á Íslandi þá svo vel settar að það sé tilhlýðilegt að sitja með hendur í skauti á baráttudegi þeirra eða hvað?

Framhald á síðu 3



Efling samstöðunnar gegn auðvaldinu

Ef brjóta á á bak aftur ólög ríkisvaldsins er ljóst að beita verður mun kröftugri og skipulegri aðgerðum en þeim sem beitt hefur verið nú undanfarið. Þar verður að nást víðtækari samstaða heldur en náðist í tveggja daga allsherjarverkfallinu, því ljóst er að grundvöllur er fyrir slíkri samstöðu ef rétt og vel er staðið að málum.
Vegna þess hve tveggja daga allsherjarverkfallið var illa skipulagt og nær algerlega miðstýrt ofan frá, þá varð það til þess að möguleiki skapaðist fyrir auðvaldið að reka fleyg inn í raðir launafólks.
Mikill meiri hluti launafólks í landinu er fúst til að taka þátt í harðvítugri baráttu gegn ólögum ríkisvaldsins. Þá er það einungis spurningin fyrir okkur, á hvern hátt sé hægt að virkja þennan fjölda til baráttunnar í órofa samstöðu.
Ef árangur á að nást í þessari baráttu verður að skapast eining á stéttargrundvelli og slík eining getur aðeins orðið við það að hver einstaklingur sé virkur og meðvitaður gerandi baráttunnar.
Þegar litið er um hönd og aðdragandi tveggja daga allsherjarverkfallsins er skoðaður, þá kemur ýmislegt í ljós sem vert er að læra af.
Ákvörðunartektin að því að lagt yrði út í þetta verkfall var einungis í höndum fárra forystumanna verkalýðshreyfingarinnar. Þetta varð til þess að fjölmargir, sem annars hefðu tekið fullan þátt í baráttunni, fannst þeir vera stilltir upp við vegg án þess að fá sjálfir nokkru að ráða um aðgerðir. Sérstaklega varð þessa vart hjá starfsfólki BSRB sem varð áþreifanlega vart við þann mun sem var á þessum aðgerðum og þeim verkfallsaðgerðum sem BSRB stóð fyrir í haust. Það verkfall var til sóma, hvað varðar lýðræðisleg vinnubrögð og virkni almennra félaga.
Áður en lagt var út í verkfall gegn ólögunum átti að halda félagsfundi í öllum aðildarfélögunum, þar sem almennum félagsmönnum gæfist kostur á að ráða sínum málum og taka um þau ákvarðanir í félagi. Þó svo slíkt hefði kostað það að verkfallið hefði ekki hafist fyrr en nokkrum dögum seinna, er víst að þátttakendur hefðu orðið mun fleirri og baráttustaðan sterkari á eftir.
En þrátt fyrir það hvernig fljótfærnislega var staðið að verkfallinu þá náðist um það mjög víðtæk samstaða. Þetta verkfall var mjög mikilvægt að því leiti að þarna snérust um 30.000 vinnandi menn í þjóðfélaginu gegn alræðislöggjafarvaldi auðstéttarinnar.
Enginn sem þátt tók í verkfallinu né aðrir vinnandi menn sem stóðu utan við, skulu láta hinn sjúklega áróður fjölmiðla borgarastéttarinnar um að brotin hafi verið "lög" og "vegið að lýðræðinu", blekkja siðferðisvitund sína.
Lögin í auðvaldsþjóðfélagi eru lög auðvaldsins. Það eru lög sem vernda einkaeignina á framleiðslutækjunum og rétt eins manns til að stela afurð af annars vinnu. Löggjafarvaldið er tæki í höndum yfirstéttarinnar sem kúgar vinnandi fjöldann.
Þess vegna er áróður Morgunblaðsins, Tímans, Vísis o. fl. um sín borgaralegu lög og sitt borgaralega lýðræði, aðeins blekking sem varast verður að nái að sundra samstöðu launafólks.
Sú staðreynd hlýtur að liggja hverjum manni í augum uppi, að auðvaldið semur lögin, túlkar þau og dæmir eftir þeim algerlega eftir því hvernig því hentar. Dæmi um þetta eru fjölmörg en eitt er þó skýrast það er þegar auðvaldið bannar fjöldasamtök alþýðunnar. Slíkt hefur íslenska auðvaldið ekki talið sér nauðsynlegt nú í mörg ár en eftir nýjustu reynslu er það þó til alls líklegt.
Auðstéttin ætlar sér alræðisvald yfir lögum í þjóðfélaginu og hún ætlast til þess að vinnandi fjöldinn beygi sig í duftið fyrir lögum hennar. Hún ætlar lögunum að þjóna sér þ.e. minnihlutanum í þjóðfélaginu og það er einmitt það sem lögin gera í dag.
Þessu ætlum vér að snúa við þannig að við munum brjóta niður alræðisvald auðstéttarinnar og setja oss lög sem þjóna vinnandi fjöldanum þ.e. meirihlutanum.



Frá útifundi verkalýðsfélaganna á Lækjartorgi 1. mars - Launafólk - eflum samstöðuna er þá náðist!

Kosningaáróðurinn fældi menn frá þátttöku í verkfallinu

Kommúnistaflokkur Íslands ML er fyllilega hlynntur því að kjósendur snúi baki við stjórnarflokkunum Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum í komandi kosningum. Hann telur það einmitt mjög mikilvægt að svo verði


Framhald á síðu 3

Kína í sókn

Úrskýrslu Hua Kua-feng á fimmta þjóðþingi Kína

Í upphafi fimmta þjóðþings Kína flutti Hua Kuo-Feng skýrslu um störf ríkisstjórnarinnar. Í skýrslu sinni benti hann á að síðan á fjórða þjóðþinginu hefur þjóðin gengið í gegnum margar prófraunir harðrar og erfiðrar baráttu hinna tveggja stétta og tveggja lína. Undir leiðsögn Kínverka Kommúnistaflokksins hefur alþýðunni að lokum tekist að brjóta á bak aftur adnflokksklíku fjórmenninganna. Þessi sigur markar endalok fyrstu menningarbyltingarinnar og upphaf nýs tímabils í þróun sósíalísku byltingarinnar og sósíalísku uppbyggingarinnar í Kína.
Hua benti á að meginverkefni alþýðunnar í sósíalísku byltingunni og sósíalísku uppbyggingunni á hinu nýja tímabili er að fæta af einbeitni út línu ellefta flokksþingsins. Í þessu felst m.a. að styrkja alræði öreiganna, dýpka stéttabaráttuna, og baráttuna fyrir aukini framleiðslu og vísindalegum framförum. Markmiðið er að gera Kína að miklu og öflugu

Framhald á síðu 3



Við byggingu raforkuvers í Kína

LEIÐARI

8.mars



Hlutverk flokksins er að skapa fjöldahreyfingu vinnandi kvenna undir forystu kommúnista. Flokkurinn verður að hafa starfandi nefndir eða starfseiningar sem sjá um að virkja fjölda hinna vinnandi kvenna - koma á sambandi milli þeirra og flokksins með áróðurs- og útbreiðslustarfi. Kommúnistar verða að starfa meðal þeirra hreyfinga sem hafa á stefnuskrá sinni að berjast fyrir bættum kjörum kvenna í auðvaldsþjóðfélaginu. Það verður að vera hlutverk okkar að leiða baráttuna á rétta braut. Benda verður á að vandamál kvenna eru í órjúfanlegum tengslum við vandamál allrar verkalýðsstéttarinnar. Einnig verðum við að berjast gegn öllum hugmyndum og skoðunum sem skaða eða splundra samstöðu verkalýðsstéttarinnar.

Kommúníska kvennahreyfingin verður að vera fjöldahreyfing. hluti hinnar almennu fjöldahreyfingar - ekki aðeins öreigalýðsins heldur allra arðrændra og kúgaðra sem eru fórnardýr auðvaldsskipulagsins!

Þessi tilvitnun er tekin úr ályktun stofnþings Kommúnistaflokks Íslands um stöðu kvenna. Í samræmi við þessa stefnu hafa félagar flokksins starfað að því innan kvennahreyfingarinnar, að hún taki upp kvennabaráttu á grundvelli stéttabaráttu en hafni öllum verkalýðsfjandsamlegum viðhorfum. Í þessari baráttu höfum við að sjálfsögðu tekið höndum saman við önnur framsækin öfl sem starfa á þessum vettvangi.

Höfuðverkefni framsækinnar kvennahreyfingar á Íslandi í dag er að tengjast verkalýðnum fastari böndum. Kvennahreyfingin verður að leita meira samstarfs og samvinnu við verkalýðshreyfinguna. Þar verður kvennahreyfingin að vera framsækið afl, sem hvetur og leiðir verkakonur til skeleggari baráttu fyrir réttindum sínum. Einnig verður að treysta samstöðu verkalýðsins, karla og kvenna. Í því felst að berjast verður gegn öllum femínískum hugmyndum sem stuðla að sundrungu og innri baráttu meðal verkafólks, á kostnað baráttunnar við höfuðandstæðinginn; borgarastéttina.

Kvennabarátta á grundvelli stéttabaráttunnar, þessari stefnu verður íslensk kvennahreyfing að fylgja í dag. Önnur baráttumál svo sem baráttan gegn heimsvaldastefnu eru góðra gjalda verð, en þau eru ekki grundvallaratriði fyrir jafnrétti kynjanna og barátta fyrir því er barátta gegn ranglátu þjóðskipulagi. Allar tilraunir til að leiða athyglina frá þessari staðreynd og að setja kvennabaráttunni önnur óskyld markmið eru sundrandi. Öll óþarfa sundrung innan kvennahreyfingarinnar eru auðvaldinu einu í hag. Baráttan fyrir jafnrétti kynjanna er mikilvæg fyrir alla verkalýðsstéttina og liður í sköpun réttlátara þjóðfélags. Því vinnur Kommúnistaflokkurinn að þessu máli af alhug og gagnkvæm áhrif milli flokksins og kvennahreyfingarinnar eru nauðsyn og báðum aðilum til framdráttar.

Hvers vegna fjöldahreyfing?

Framhald af baksíðu

Rauðsokkahreyfingin þarf að starfa mun markvissar og ná betur til verkakvenna. Nú eru menntakonur í meirihluta innan Rh, en þær þekkja ekki kjör verkakvenna nema af afspurn og eiga því ekki eins gott með að leiða baráttu þeirra eins og verkakonurnar sjálfar.

2.

Verkalýðsmálahópur Rauðsokkahreyfingarinnar stendur á grundvellinum "Kvennabarátta á grundvelli stéttabaráttu" Hópurinn hefur reynt að tengjast sem mest verkalýðsstéttinni og tekið upp hagsmunamál hennar. Hefur hann staðið að upplýsingaöflun sem hann hefur notað í áróðri fyrir bættum kjörum verkalýðsins og í kring um síðustu kjarasamninga stóð hann fyrir "Opnu húsi" sem var þarft framtak og tilraun til að auka upplýsingastreymi og virkni í átökunum. Skiptar skoðanir hafa verið innan hópsins um hvert samstarf skuli haft við forustu verkalýðsfélaganna, en stefna hópsins hefur orðið æ harðari gegn stéttasamvinnu stefnunni. Tengsl hópsins við verkalýðinn þyrftu að aukast og háir það nokkuð hópnum hversu femínisminn hefur verið áberandi í áróðri Rauðsokka, t.d. á Jafnréttissíðu Þjóðviljans, en hún flytur ekki afstöðu Rauðsokkahreyfingarinnar í heild. Femínisminn á engann hljómgrunn meðal verkalýðsins og þarf Rauðsokkahreyfingin að efla útgáfustarf sitt til að fólk haldi ekki að hún reki þessa gömlu pólitík ennþá. Verkalýðsmálahópur Rauðsokkahreyfingarinnar telst tvímælalaust vera framsækinn því hann berst fyrir réttindum kvenna á grundvelli verkalýðsstéttarinnar.

3.

Af hverju "samfylkingarstarf" innan gæsalappa? Ef EIK(m-l) ætlar sér í orðaleik um það hvað sé samfylking, þá verður sjálfsagt hægt að snúa út úr svari okkar á 20 vegu.

Rauðsokkahreyfingin er sjálfstæð baráttuhreyfing með sín eigin lög og markmið. Stefna hennar fellur að sjálfsögðu ekki í öllu að stefnu Kommúnistaflokksins og stefnir flokkurinn heldur ekki að því að svo verði. Fjöldahreyfingum er ætlað að vinna að hagsmunum alþýðunnar og ná til alls þorra hennar. Óverulegur hluti alþýðunnar stendur nú á grundvelli marx-lenínismans. Ef okkur tækist við þessar aðstæður að gera eina fjöldahreyfingu algjörlega sammála okkur, þá værum við aðeins að einangra viðkomandi hreyfingu frá öllum þeim fjölda alþýðufólks sem fylgir endurskoðunarsinnum, eða jafnvel borgarastéttinni að málum. Að líta svo á að fjöldahreyfing sé þá fyrst orðin samstarfshæf er hún fylgir kommúnistum að málum í öllum grundvallaratriðum, er í raun að líta svo á að samfylking sé ónauðsynleg, en kommúnískur flokkur sé eina baráttutækið.

Það er vandasamt að gera bæði málamiðlanir og standa fast á sinni pólitík. Kommúnistar hérlendis sem víðar, hafa fallið í þá gildru að taka samfylkingarpólitík upp sem sína eigin. Það má ekki láta þessa hættu verða til þess að við þorum ekki að taka þátt í samfylkingu af ótta við að útvatna stefnuna, eða að missa andlitið gagnvart stuðningsmönnum fyrir að gera ekki allt að ófrávíkjanlegu grundvallaratriði. Það er t.d. rangt að hafna samstarfi við fólk á þeirri forsendu einni að það sé "endurskoðunarsinnar" eða "trotskyistar". Við störfum með fólki að þeim málum sem við höfum orðið sammála um, jafnvel þótt við séum ósammála einhvers staðar annars staðar. Ef þetta fólk ætlar að svíkja, þá afhjúpum við svik þeirra. Og ef þetta fólk ætlar að taka upp þá stefnu að "verja verkalýðsríkið Sovétríkin með kjafti og klóm gegn öllum árásum" eða "fylkja verkalýðnum undir forystu verkalýðsflokkanna (Alþb. og Alþfl.)", þá snúumst við til baráttu gegn þeirri stefnu. Ef við höfnuðum því að starfa í fjöldahreyfingum vegna þess að stór hluti hennar fylgdi trotskyistum eða endurskoðunarsinnum að máli, þá tækjum við engann þátt í fjöldahreyfingum, heldur stæðum í sömu sporum og KSML'74 eða EIK(m-l) nú. Og þá værum við líka að láta endurskoðunarsinna eina um að leiða baráttu fjöldans.

4.

Samstarf við andheimsvalda- og kvennabaráttusinna, og um leið barátta gegn endurskoðunarsinnuðum hugmyndum þeirra jafnframt er bráðnauðsynleg fyrir uppbyggingu öflugrar og varanlegrar fjöldahreyfingar á grundvelli stéttabaráttu eða baráttu gegn allri heimsvaldastefnu. Því til skýringar vísum við til þess er fram kemur í öðrum liðum.

5.

Auðvitað starfa félagar Kommúnistaflokksins ekki í óþökk hans innan 8. mars hreyfingarinnar, það er einmitt í stefnu flokksins að starfa innan sérhverra hreyfingar er berst fyrir málstað alþýðunnar. Slíka baráttu heyr einmitt 8. mars hreyfingin.

En við gagnrýnum þó tvennt í stefnu hreyfingarinnar. Annað er gagnrýni hennar á Rauðsokkahreyfinguna. Mjög nauðsynlegt er að gagnrýna Rh, sérstaklega þá femínísku afstöðu sem þar kemur allt of mikið fram. En þá verður líka gagnrýnin að byggjast á meiri þekkingu, en fram kemur í áróðri 8. mars hreyfingarinnar, svo hún verði ekki vegin og léttvæg fundin. Hitt atriðið sem við gagnrýnum er afstaða 8. mars hr. til Sovétríkjanna. Kvennahreyfing hlýtur að eiga að hafa það markmið að sameina allar alþýðukonur til aukinnar virkni og baráttu fyrir jafnrétti. Í þeim tilgangi verður að afla sem víðtækastrar samstöðu allra þeirra sem berjast vilja fyrir afnámi misréttisins. Þá má ekki vera að hugsa um að halda sér aðgreindum með því að taka upp kröfur sem eiga fátt sem ekkert sameiginlegt með kvennabaráttunni," í þeim eina tilgangi að útiloka einhverja endurskoðunarsinna. Ekki er það sovéska heimsvaldastefnan sem kúgar konur hér á landi. Við vitum að vísu að heimsvaldastefnan, eins og auðvaldið, kúgar konurnar. En að gera það að skilyrði fyrir þátttöku í kvennabaráttunni að vera sér meðvitandi um heimsvaldaeðli Sovétríkjanna, er röng taktík.

Vitað er að Eik ml hefur frumkvæði að og forystu fyrir 8. mars hreyfingunni. Er leitt til þess að vita ef hreyfingin verður fórnardýr þeirra stefnu Eik ml sem mótuð var á síðasta þingi þeirra, að aðgreina sig frá öðrum samtökum á vinstri kantinum. Eik ml eru nefnilega á góðri leið með að aðgreina sig á þann hátt að í hvert skipti sem nafn þeirra sé nefnt, segi fólk: "Já, það eru samtökin sem eru svo þrautleiðinleg og einstrengingsleg að það er ekki nokkur leið að starfa með þeim." Það virðist nefnilega vera höfuðmál Eik ml nú að vera þekktir þótt af endemum sé. Væri ekki nær að sýna það og sanna, þótt erfiðara sé, hverjir það séu sem ætíð standa í brjóstvörn alþýðunnar bæði í sókn og í vörn en hvorki svíkja né versla með hagsmuni fólksins, né hlaupa heim í fýlu þegar þeir fá ekki allt sitt fram.

Áskrifendur athugið!

Lausasala kr 80.-		
Heilt ár eða 48 tölublöð	Baráttuáskrift	kr. 5.500.-
" " " " "	Venjuleg áskrift	kr. 3.500.-
Hálft ár eða 24 tölublöð	" "	kr. 2.000.-
Erlendis, sent vikulega, 48 tbl.		kr. 7.000.-
Erlendis sent hálfsmánaðarlega (2 blöð í einu)		kr. 5.500.-
Til öryrkja og aldraðra, heilt ár		kr. 500.-

HAFIÐ SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS M-L

● Miðstjórn og ritstjórn Stéttabaráttunnar, sími: 27810 og pósthólf 1357, 121R. einnig í Rauðu Stjörnunni bókabúð. Lindargötu 15. Opið mánud.-föstud 15-18,30

● Akureyri: Jón Atli Játvarðsson. Skarðshlíð 30.

● Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsd. Reykjarvíkurvegi 24.

● Hornafjörður: Skúli Waldorff. Silfurbraut 2.

● Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir. Þiljuvöllum 38.

● Snæfellsnes: Sigfús Almarsson. Hellisbraut 10 Hellissandi, og Gísli Hjaltason, pósthólf 63, Stykkishólmi.

● Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c. Keflavík.

● Vestmannaeyjar: Helga Jónsdóttir Brekastíg 24 b, sími 98-1273

● Danmörk: Magnús Þorgrímsson. Börglum Kollegiet v. 444 Börglumvej 2, 8240 Risskov.

● Svíþjóð: Kristján L. Guðlaugsson. Kämnärsvägen 11 N : 220. 22246 LUND

„Með lögum skal..."

Dufþakur

"Með lögum skal land byggja og ólögum eyða! Þessi setning hefur sjálfsagt glumið í eyrum manna allt frá þeirri stundu, er menn hófu skólagöngu sína. En hvað eru lög og hvað eru ólög? Sú spurning hefur einmitt vaknað í sambandi við kjaraskerðingarfrumvarp ríkisstjórnarinnar og tveggja daga verkfall hinna ýmsu launþegasamtaka. Sýnist þar sitt hverjum eins og vænta mátti.

Þessari spurningu er ekki hægt að svara, án þess að gera sér ofurlitla grein fyrir þjóðskipulaginu í heild og mismunandi aðstöðu þegnanna. Á Íslandi er auðvaldsskipulag, sem gerir það að verkum, að þjóðfélagið er klofið í tvær höfuðstéttir: borgarastétt og verkalýðsstétt. Borgarastéttin ræður yfir framleiðslutækjunum, bankakerfinu, menntakerfinu og hinum ýmsu stofnunum, er heyra undir ríki og bæ. Verkalýðsstéttin er sú stétt, sem vinnur við framleiðsluna, skapar verðmætin í þjóðfélaginu og heldur uppi stofnunum ríkisvaldsins með óheyrilegum skattabyrðum, en þiggur í staðinn smánarlaun af hendi atvinnurekandans.

Það gefur auga leið, að löggjafarvaldið er í höndum borgarastéttarinnar, sem semur lögin í þágu sinna eigin hagsmuna, sem eru í grundvallaratriðum andstæðir hagsmunum verkalýðsins og alls vinnandi fólks. Lögin um vísitöluskerðinguna eru eitt ljósasta dæmið um þetta. Gróði atvinnurekenda af framleiðslunni vex eftir því sem kaupið lækkar. Hinn almenni launþegi ber hins vegar þyngstu byrðarnar, þar sem laun hans fyrir vísitöluskerðinguna eru langt frá því að vera mannsæmandi. Réttlætiskennd og siðfræði borgarastéttarinnar er af allt öðru sauðahúsi en réttlætiskennd og siðfræði verkalýðsstéttarinnar.

Því er það ekki aðalatriðið, hvort tveggja sólarhringa verkfallið 1. og 2. mars hafi verið löglegt eða ekki. Verkalýðsstéttin og öll vinnandi alþýða þessa lands verður að beita sínum lögum, sínum aðferðum, sinni réttlætiskennd og siðfræði til að hnekkja þeim lögum, sem ríkisvaldið hefur sett á vegna þess að þau skerða verulega hagsmuni alþýðunnar. Og ekki aðeins er þar verið að skerða beina fjárhagslega hagsmuni alþýðufólks, heldur er líka með lögum þessum verið að ráðast á frjálsan samningsrétt verkalýðshreyfingarinnar, réttinn til að semja um kaup og kjör.

Verkalýðshreyfingin er neydd til að beita öllum þeim aðferðum sem duga til að fá þessum lögum hnekkt; og þá gildir einu hvort borgarastéttin og ríkisvaldið telja þær aðferðir ólöglegar eða ekki, af þeirri einföldu ástæðu, að borgarastéttin setur lögin til verndar hagsmunum sínum, sem eru gerólíkir hagsmunum verkalýðsstéttarinnar, og afstaða hennar til réttlætis er allt önnur en afstaða verkalýðsins.

Þegar verkalýðsstéttin kemst til valda í sósíalismanum mun hún að sjálfsögðu setja önnur lög, lög til verndar sínum hagsmunum, og annað réttlæti verður þá ofaná. Hennar fyrsta verkefni verður þá að banna allt arðrán manns á manni, en á því lifir og hrærist borgarastéttin. Hún mun einnig færa löggjafar- og framkvæmdavaldið í hendur þess fólks, er vinnur við framleiðsluna og heldur þjóðfélaginu gangandi; í stað þess að nú fer fámenn valdaklíka með þessi völd. Og síðast en ekki síst mun verkalýðsstéttin ákveða kaup sitt sjálf, en ekki fáeinir fjármálajöfrar, sem ekkert sjá nema eigin gróða.

Framhald af forsíðu

8. MARS - ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR.....

Verkakonur á Íslandi gegna lægst launuðu störfunum í þjóðfélaginu. Um það bil 84% kvenna sem vinna úti svokölluð "kvennastörf" sem eru bæði lágt launuð og lítils metin.

Matið á vinnu kvenna er þó fjarska mismunandi eftir því hvernig stendur á hjá atvinnuvegunum. Ef þensla er í atvinnulífinu og mikið að gera er hrópað á konurnar að koma að vinna og bjarga "verðmætunum" en ef lítið er að gera er þeim sagt að snáfa heim að sjá um börn og bú. Verkakonur gegna því hlutverki varavinnuafls og hafa því lítið sem ekkert atvinnuöryggi.

Aðalkröfur verkakvenna og reyndar alls verkafólks hljóta því að vera.:
-fulla atvinnu fyrir alla
-atvinnuöryggi fyrir alla
-og lífvænleg laun fyrir 8 stunda vinnudag.

Kommúnistaflokkurinn hefur þessi mál á stefnuskrá sinni og flokkurinn skoðar jafnréttisbaráttuna sem óaðskiljanlegan þátt stéttabaráttunnar fyrir nýju samfélagi þar sem arðrán og hvers konar kúgun verður afnumin og jöfnuður ríki.

Framhald af forsíðu

KÍNA Í SÓKN.......

sósíalísku ríki með nútíma landbúnaði, iðnaði, þjóðlegum vörnum, vísindum og tækni. fyrir næstu aldamót.

Í skýrslu sinni rakti Hua Kuo-Feng helstu leiðir sem fara þarf til að gera hina nýju áætlun um efnahagslega uppbyggingu Kína að veruleika.

Í þessu sambandi benti hann á mikilvægi þess að virkja alla þjóðina til baráttu. Vinnandi alþýða verður að tileinka sér nýjungar í tækni og vísindum þannig að innan tíðar eigi Kína heilan her velmenntaðra verkamanna.

Hua áréttaði enn einu sinni mikilvægi kenningar Maó formanns um þrjá heima fyrir baráttu alþýðu allra landa gegn drottnunarstefnu risaveldanna USSR og USA. Hua varaði við síaukinni hættu sem stafar frá sovésku sósíal heimsvaldastefnunni og hvatti til andheimsvaldasinnaðs bandalags undir forystu þriðja heimsins.

Í lok skýrslu sinnar mælti Hua Kuo-Feng á þessa leið: "Hinn mikli fáni Maó formanns er fáni sameiningar í baráttu og stöðugri byltingu alþýðu allra þjóða í landi okkar. Yfir hálfa öld hefur þessi fáni leitt okkur fram úr erfiðleikunum og hjálpað okkur til að vinna hvern stórsigurinn eftir annan. Á komandi árum mun fáni Maó formanns leiða okkur til frekari sigra yfir stéttaróvininum og hjálpa okkur að yfirstíga hvers konar erfiðleika og þrekraunir, vinna þrekvirki og framfarir í þágu mannkynsins."

Stéttabaráttan óskar kínversku þjóðinni til hamingju með þetta fimmta þing sitt um leið og blaðið óskar henni góðs gengis á hinu nýja tímabili sósíalísku uppbyggingarinnar í Kína. Af tilefni þingsins hefur KFÍ/ML einnig sent kveðjur og munu þær væntanlega byrtast í næsta blaði.



Framhald af forsíðu

Efling samstöðunnar gegn auðvaldinu



og ekki einungis í kosningunum heldur almennt allsstaðar.

En til þess að svo verði þá verður með ódrepandi elju að öðlast traust þess fólks innan raða alþýðunnar sem í óméðvitund sinni kýs borgaraflokkana og vinna það til fylgis við baráttuna fyrir sósíalismanum.

Innan þeirra fjölmennu samtaka sem þátt tóku í allsherjarverkfallinu, er mikið af fólki sem hefur kosið borgaraflokkana. En þetta sama fólk er að fullu og öllu á móti ólögum ríkisvaldsins. Þetta er staðreynd sem er mjög mikilvægt að sé meðhöndluð á réttan hátt.

Er þetta fólk tilbúið að afneita heildarstefnu þeirra flokka sem mynda ríkisstjórn og það hefur kosið yfir sig, þó svo það sé á móti ólögunum? Er það yfir höfuð búið að snúa baki við þessum flokkum? Svarið við báðum spurningunum er nei.

Þess vegna var rangt að reka áróður eins og margir framámenn í verkalýðsforystu ráku, að baráttan gegn ólögunum færi fram á tveimur stöðum þ. e. með verkföllum og í kjörklefanum. Þessi áróður um kjörklefana varð til þess að sundra samstöðu launafólks meir en ekki og hann á rætur sínar að rekja til pólitíkusa sem setja hagsmuni síns stjórnmálaflokks ofar hagsmunum alþýðunnar.

Það sem mikilvægast var og er, er að samfylkja öllu launafólki til baráttu gegn ólögunum og þá auðvitað samfara því til baráttu gegn borgaraflokkunum. Þannig hefði náðst mun víðtækari eining meðal alþýðunnar og fólk úr öllum stjórnmálaflokkum landsins hefði barist hlið við hlið gegn ríkisvaldinu og ólögum þess.

Þess háttar barátta þ. e. fjöldabaráttan er sú sem nær árangri og er hið mikilvæga fyrir alþýðuna. Hitt aftur á móti hvaða metorðastritarar verma þingsætin eftir kosningar er minniháttaratriði.

Herðum baráttuna gegn ólögunum

Sú baráttuaðferð ýmissa verkalýðsfélaga að auglýsa kauptaxta sem félagsmenn vinni undir, er hárrétt.

Borgi atvinnurekendur ekki þessa kauptaxta félaganna, sem í þessu tilviki eru umsamdir, verður að beita þá hörðustu verkfallsaðgerðum sem völ er á. Sama er að segja um hvers konar refsiaðgerðir sem ríkisvald atvinnurekendanna grípur til eða hyggst grípa til. Þeim verður að mæta með hörðustu gagnaðgerðum sem sameinuð verkalýðshreyfingin hefur yfir að ráða. Hafa ber í huga að þessi barátta var hafin með árás ríkisvalds atvinnurekendanna á samning sem launafólkið hefur gert við auðvaldið um kaup og kjör.

Slíkur samningur er í raun ekkert annað en tímabundin málamiðlun gagnstæðra stétta. Hann hefði hvort eð er runnið út á sínum tíma, við ólíkar aðstæður. En stöðugt meðan til eru stéttaandstæður kemur baráttan milli þeirra upp og eftir ólíkustu leiðum. Þessa sífelldu baráttu verður verkalýðurinn og önnur vinnandi alþýða að leiða til lykta.

Auðstéttin hefur nú sýnt að hún vill harðnandi og skarpari stéttabaráttu. Það sýndi hún með því að þverbrjóta málamiðlunina við alþýðuna og nú talar hún einnig um endurskoðun á vinnulöggjöfinni.

Slík endurskoðun er án efa skerðing á lýðréttindum í þjóðfélaginu.

Öllum þessum árásum auðstéttarinnar, sem og öðrum, verður vinnandi fólk að svara með baráttueiningu og af fullri hörku. Snúum nú árangurslítilli varnarbaráttu upp í sóknarbaráttu.



Sameiginlegur fundur kennara á Reykjavíkursvæðinu sem haldinn var til að ræða fyrirhugaðar aðgerðir gegn árásum ríkisvaldsins á gerða samninga. Þessi fundur er fyrsti sameinaði fundur allra kennara á þessu svæði. Þar var einróma samþykkt að hvetja til tveggja daga verkfalls og mikill hugur í mönnum um að brjóta á bak aftur ólögin.

Nú hafa atvinnurekendur hafið áróður fyrir því að stéttarbræður þeirra skuli fyrir alla muni ekki borga kaup eftir hinum umsömdu kauptöxtum. Sem sé þeir hvetja til samstöðu um að launafólki sé greitt látt kaup, jafnvel þó sumir atvinnurekendur viðurkenni að þeir geti og jafnvel vilji borga taxta verkalýðsfélaganna. Svona er nú siðferði þessara manna.

Öll samtök launafólks verða að fylgja fast eftir að félagsmönnum þeirra sé greitt kaup samkvæmt undirrituðum töxtum.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
Þriðjudagur 7. mars 1978

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Óðinsgötu 17?
101 R

Félagsblaðið Dagsbrún:
Eingöngu fyrir forystuna

Nú laust eftir hina ógildu framboðstilraun nokkurra Dagsbrúnarverkamanna, gaf stjórn félagsins út langþráð félagsblað. Sem kunnugt er af skrifum Stéttabaráttunnar, hefur útgáfa félagsblaðs í Dagsbrún verið eitt af helstu baráttumálefnum stéttvísra verkamanna.

Haustið 1976 var t.d. samþykkt á fjölmennum fundi í félaginu að gefið yrði út félagsblaðið Dagsbrún, og yrði það opið öllum verkamönnum til tilskrifta. En nú þegar langt er liðið á tvö ár frá þessarri samþykkt, er hálfur sigur unninn, blaðið hefur litið dagsins ljós.

Þó er á því einn galli enginn utan stjórnar Dagsbrúnar fékk tækifæri á því að skrifa í blaðið. Viðtöl eru við Eðvarð og Guðmund og þriðja starfsmann Dagsbrúnar til, um ýmis málefni verkalýð lýðshreyfingarinnar auk áhugaverðrar greinar eftir formann félagsins. Þar rekur hann tilraunir nokkurra verkamanna til að bjóða fram lista gegn núverandi stjórn, nú laust eftir áramótin. Öll er greinin á einn veg, lofgjörð um lýðræði og lögheldni núverandi kjörstjórnar og stjórnar félagsins. Í endaða greinina er svo klikkt út með því að forsprakkar framboðsins þeir Sigurður Jón Ólafsson og Benedikt Kristjánsson tilheyri sértrúarsöfnuði er kenni sig við Marx og Lenin.

Einhverntíma hér áður fyrr hefði Eðvarð Sigurðsson verið stoltur yfir slíkum árásum er hann ungur maður var að berjast við hlið félaga sinna í gamla Kommúnistaflokk Íslands gegn Alþýðuflokkskrötum í verkalýðshreyfingunni. En formaður Dagsbrúnar styður sig ekki við róttækasta hluta verkalýðshreyfingarinnar, heldur beitir kommagrýlunni gegn þeim til að tryggja sér stuðning íhaldsverkamanna. En árásir frá slíkum afturhaldsmönnum sýna aðeins að kommúnistarnir innan verkalýðshreyfingarinnar eru á réttri leið, óvinurinn er farinn að skilja hættuna.

Nú í nýafstöðnu verkfalli var verkamönnum neitað um að fá að birta greinar í félagsblaðinu Dagsbrún og var sú ástæða gefin að okkar skoðanir ættu þangað ekkert erindi.

Áfram verður þá um að ræða tvö félagsblöð Dagsbrúnarmanna, stjórnarinnar og þeirra sem berjast fyrir því að gera verkalýðsfélagið að raunverulegu baráttutæki verkamanna.

Það er augljóst hverjir það eru sem vilja viðhalda klofningi á meðal verkamanna í félaginu og allir vitum við í hverra þágu slíkur klofningur er.

Auðvaldið getur hrósað happi yfir frammistöðu Eðvarðs Sigurðssonar.

DAGSBRÚN

28. ARGANGUR - FEBRUAR 1978 - 6. TOLUBLAD

Gengisfelling - Vísitöluskerðing! Vísitölufölsun löghelguð!

Rikisstjórnin sjálf segir að þetta séu bráða-... Hvers er þá að vænta ...

"Dagsbrún", blað stjórnar Dagsbrúnar. Takið eftir að á 28 árum hafa komið út 6 blöð. "Dagsbrúnarverkamaðurinn", málgagn andstöðunnar, hefur hins vegar komið 9 sinnum út á 3 árum.

Fréttatilkynning frá Óslódeild SÍNE

Osló-deild SÍNE vill benda á eftirfarandi ´sambandi við fellingu gengis íslensku krónunnar fyrir skömmu síðan:

1. Gengisfelling er í eðli sínu árás á kjör manna, samtímis sem gróði auðstéttarinnar eykst. Við núverandi aðstæður er gengisfellingin tilraun til að að velta kreppu auðvaldsins á herðar verkafólks. Að venju skal verkafólk borga hreingerningar í húsi auðvaldsins.

2. Íslenskir námsmenn í Osló lýsa stuðningi sínum við íslenskan verkalýð í baráttunni gegn kjaraskerðingu og fyrir óskertum rauntekjum.

3. Vegna gengisfellingarinnar skerðast kjör námsmanna heima og erlendis. Fyrir okkur sem dveljumst erlendis táknar gengisfellingin beina lækkun framfærslueyris sem nemur gengisfellingunni.

4. Við krefjumst að aðallán námsláns verði umreiknað þannig að íslenskir námsmenn heima og erlendis haldi óskert óskertum rauntekjum miðað við forsendur eins og þær voru áður en gengið var fellt. Við viljum í þessu sambandi minna á að námslán eru einhver óhagkvæmustu lán sem hægt er að fá á íslenskum lánamarkaði. Við erum því ekki að fara fram á neins konar ölmusu.

5. Umreikningur þessi má þó ekki verða til seinkunnar úthlutun námslána.

6. Verði ekki gengið að þessum sjálfsögðu kröfum okkar teljum við okkur hafa fullt frelsi til að mæta þessari kjaraskerðingu með viðeigandi aðgerðum.

OSLO-DEILD SÍNE

ATH!
Nýi opnunartími bókabúðarinnar Rauðu Stjörnunnar er 15.30-18.30 daglega.

Úr Verkalýðsblaðinu

Sjá greinina "Hvers vegna fjöldahreyfing".

Spurningar til „KFIml"

Vegna skrifa "Stéttabaráttunnar", málgagns "KFÍ/ML" að undanförnu vill Verkalýðsblaðið spyrja eftirfarandi spurninga:
1. Hvert er mat "KFÍ/ML" á Rauðsokkum?
2. Telur "KFÍ/ML" verkalýðsmálahóp Rauðsokka vera framsækinn samfylkingaraðila í kvennabaráttunni?
3. Telur "KFÍ/ML" samstarf sitt við trotskísta og ýmsa aðra endurskoðunarsinna í Rauðsokkum (og víðar) vera "samfylkingarstarf"?
4. Telur "KFÍ/ML" samstarf sitt við þessa aðila mikilvægara en uppbygginu öflugrar og varanlegrar fjöldabaráttuhreyfingar á grundvelli stét stéttabaráttu og baráttu gegn allri heimsvaldastefnu?
5. Starfa "KFÍ/ML"-félagar í 8.mars-hreyfingunni þar í óþökk "flokksins", eða af öðrum orsökum?

Merki Stalíns skal haldið á lofti



Síðastliðinn 5. mars voru 25 ár liðin frá láti Jósefs Stalíns.

Fullvíst er að enginn maður hvorki fyrr né síðar hefur orðið jafn umdeildur enda hafa fáir menn, ef nokkrir, lifað viðburðaríkari ævi en Stalín á þeim 74 árum sem hann lifði.

Ævisaga Stalíns er saga byltingarmanns sem helgar líf sitt baráttu verkalýðsins gegn þjóðskipulagi auðvaldsins í heild sinni. Hann barðist alla tíð við hlið hins kúgaða og arðrænda manns gegn kúgurunum og arðræningjunum. Hann var skipuleggjandi stéttabaráttu verkalýðsins í öllum hennar birtingarformum t.d. lögleg og ólögleg verkföll, blaðaútgáfa, fundahöld og kröfugöngur. Hann tók sjálfur þátt í vopnuðum uppreisnum, byltingartilrauninni 1905 (sem varð nauðsynlegt úrslitaatriði fyrir skólun verkalýðsins), febrúarbyltingunni og októberbyltingunni.

Nafn Stalíns er skráð á spjöld keisaralögreglunnar frá aldamótum og þar er honum lýst sem stórhættulegum byltingarforingja. Sjö sinnum var hann sendur til Síberíu og jafn oft strauk hann þaðan.

Stalín var maður margfróður og víðlesinn, svo menntuðustu spekinga rak í rogastans.

Hann fylgdi alla tíð og af festu pólitík bolsevíkaflokksins sem Lenín var leiðandi fyrir og eftir lát Leníns naut hann yfirgnæfandi meirihlutafylgis sem verðugur arftaki hans. Stalín hinn hlédrægi og rósami pípureykingamaður var kosinn formaður Kommúnistaflokks Sovétríkjanna 1924 og gegndi þeirri leiðtogastöðu til dauðadags 5.3.1953.

Undir forystu Stalíns byggði sovéska þjóðin upp efnahag og framleiðslu síns sósíalíska ríkis og varð það ríki hið eina þar sem kreppunnar miklu gætti ekki nema af afspurn.

Auðvaldsríkin gerðu örvæntingarfullar tilraunir til að brjóta á bak aftur verkalýðsríkið og í þeirri baráttu sinni svifust þau einskis. Um það er nasisminn gleggsta dæmið.

Nasisminn kom upp í öllum auðvaldsríkjunum og naut dyggs stuðnings einokunarkapítalistanna, sem einir höfðu hag af honum. Nasisminn var harðasti andstæðingur verkalýðsríkisins og verkalýðshreyfinganna í auðvaldslöndunum.

Í baráttunni gegn fjármálafáveldinu Nasista-Þýskalandi og stuðningsmönnum þess, stóð sovéska þjóðin sem einn maður. Hún átti yfirgnæfandi stærsta þáttinn í að yfirbuga nasismann.

Og hvað var þá sovéska þjóðin að verja? "Einræðisherrann" Stalín. Eða var hún ánægð með sósíaliska skipulagið.

Það ætti enginn að alhæfa neitt um Stalín, hann var maður og gerði mistök en hitt vegur þó stórum þyngra sem hann gerði í þágu vinnandi fjöldans. Munum að með því að níða Stalín, þá tökum við undir róg borgarastéttanna og sovésku endurskoðunarsinnanna um hann.

Hvers vegna fjöldahreyfing?

Í 4. tbl. Verkalýðsblaðsins gat að líta nokkrar spurningar til Kommúnistaflokksins vegna skrifa Stéttabaráttunnar um jafnréttismál og kvennahreyfingar. Um leið og Stéttabaráttan svarar spurningunum, vill hún nota tækifærið og skýra afstöðu sína til samfylkinga og kvennahreyfingar nokkuð nánar.

Birtir Stéttabaráttan spurningar og svörin og fer þess á leit við Verkalýðsblaðið að það geri slíkt hið sama, en hunsi ekki að koma svörum sem þeim berast á framfæri eins og þeir hafa nokkrum sinnum gert hingað til.

1.

Er hér átt við þá sem kalla sig Rauðsokka, eða er átt við Rauðsokkahreyfinguna? Þeir eru margir sem kalla sig Rauðsokka og hafa svo mismunandi pólitík að ómögulegt er að taka afstöðu til þeirra sem hóps. Um Rauðsokkahreyfinguna er hins vegar þetta að segja: Við teljum Rauðsokkahreyfinguna meðal þeirra hreyfinga sem berjast fyrir hagsmunum alþýðunnar, í þessu tilviki jafnrétti. Ýmsar skoðanir eru í Rh um það á hvaða grundvelli beri að heyja þá baráttu og hvernig. Þó hefur þeirri afstöðu vaxið fiskur um hrygg undanfarið og er nú afstaða hreyfingarinnar að heyja beri kvennabaráttuna á grundvelli stéttabaráttu. "Femínísk" afstaða eins og að líta á karlmanninn sem aðal andstæðing konunnar, eða að kynferðismál skipti öllu, er víkjandi innan Rh. Með starfi sínu innan Rh, hafa marx-lenínstar komist að raun um að þar er vissulega hægt að ná árangri. Sú afstöðubreyting sem undanfarið hefur orðið innan Rh, að líta á kúgun konunnar út frá stéttaþjóðfélaginu er ekki síst til komin fyrir áhrif marx-lenínista.

Framhald á síðu 2